

Sveitarfélagið Vogar  
b/t Sigurður H. Valtýsson  
Iðndal 2  
190 Vogar

Reykjavík 26. mars 2019  
UST201903-089/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Voga 2008 - 2028 – Hvassahraun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Voga er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á 19 ha frístundasvæði í Hvassahrauni í sveitarfélaginu Vogum.

Í greinargerð kemur fram að breytingin fellst í því að heimiluð verði gististarfsemi sem fellur undir atvinnustarfsemi í frístundabyggð (F-1). Auk þess kemur fram að í gildandi deiliskipulagi sem var staðfest 10. desember 2002 er gert ráð fyrir 28 lóðum fyrir frístundahús og nú þegar hefur verið byggt á helmingi lóðanna.

#### **Hraun**

Umhverfisstofnun telur að á skipulagssvæðinu sem er hér til umfjöllunar séu nútímahraun sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í kafla 2.2.1 í Landskipulagstefnu en þar segi m.a. mikilvægt sé að gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar.

Það er mat Umhverfisstofnunar að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til og því mikilvægt í tillöggunni sé fjallað um verndarsvæðið með ýtarlegum hætti.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Faggravík að Straumi og er númer 111 sem aðrar náttúruminjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

### **Fjörur**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðin klóþangsfjörur og er vistgerðin með mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er ein útbreiddasta fjöruvistgerðin og jafnframt sú tegundaauðugasta því klóþang veitir mörgum öðrum lífverum skjól og búsvæði, auk þess er þar mikilvægt fæðusvæði æðarfugla og vaðfugla.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað.

### **Fjarlægð frá strönd**

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hafa verið byggð hús og bátaskýli við ströndina. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram ströndinni, í tillögunni svo að útivistargildi skerðist ekki.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur